

**Það kemur SAGA út úr mér!**

## **Saga 1**

Siggi á afmæli í dag.

Hann er fimm ára.

Honum finnst hann vera nærri því full-orðinn.

Það er veisla hjá honum.

Mamma sér um það.

Siggi á nokkra vini,

sem koma í afmælið.

Allir fá kakó og tertu.

Svo er farið í leiki.

Sigga langar að eiga

afmæli á hverjum degi.

En það er ekki hægt.

Þá yrði hann fljótt gamall.